

ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Ársskýrsla 2022

Hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Stjórnin skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir áðurnefnd skólastig.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Þróunarsjóðs námsgagna á fjögurra ára fresti. Félag íslenskra framhaldsskóla, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fjóra af fimm stjórnarmönnum. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um námsgögn og þar er m.a. kveðið á um að stjórn hans ákveði skiptingu á fjármunum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðsstjórn er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Ennfremur segir að mennta- og menningarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, þar sem m.a. sé kveðið á um skipulag hans og reglur um úthlutun. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna árið 2022 skipuðu:

- Óskar Haukur Níelsson, formaður
- Guðjón Hreinn Hauksson, fulltrúi KÍ
- Fjóla Þorvaldsdóttir, fulltrúi KÍ
- Elísabet Siemsen, fulltrúi FÍF
- Þórður, fulltrúi SÍS

Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu 2022:

- 25. febrúar (Stjórnarfundur – verkefnaskipting)
- 8. apríl (Stjórnarfundur – úthlutun)
- 22. apríl (Stjórnarfundur – úthlutun)
- 11. nóvember (Fundur með formanni – yfirferð á umsókn)

Starfsemi

Forgangsatriði sjóðsins á árinu voru þrjú:

1. *Námsefni sem styður við skapandi kennsluhætti á sviði list- og verkgreina.*
2. *Námsefni sem styður við náms- og starfsfræðslu.*
3. *Námsefni sem miðar að markvissri eflingu íslensks orðaforða og hugtakaskilnings í ýmsum námsgreinum.*

Sérstaklega var horft til hvort námsefnið kæmi til með að styðjast við stafræna tækni, Menntastefnu 2030 og hversu aðgengilegt námsefnið yrði nemendum.

Ákveðið var að opna fyrir umsóknir um miðjan desember og hafa umsóknarfrest fram í byrjun febrúar. Stjórn sjóðsins ákvað að halda áfram að skipta styrkumsóknunum í tvennt. Bæði var hægt að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2 m.kr. en einnig var hægt að sækja um þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4 m.kr. Hámarksfjöldi umsókna sem gátu hlotið síðarnefnda styrkinn voru tvær.

Sjóðnum bárust alls 119 styrkumsóknir og námu fjárbeiðnir alls rúmum 239,3 m.kr. Flestir umsækjendur báðu um 2 m.kr., en meðalupphæð styrkbeiðna nam 2,2 m.kr.

Allar umsóknir voru metnar annars vegar í innra mati af meðlimum stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna og hins vegar í ytra mati af sérfræðingum sem skipaðir voru til verksins af Rannís. Báðir matsaðilar gáfu hverju verkefni fyrir sig einkunn og umsögn. Öllum upplýsingum var svo safnað saman fyrir stjórn Þróunarsjóðs námsgagna sem tók sameiginlega ákvörðun um úthlutun.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna ákvað að veita styrk til 28 verkefna fyrir árið 2022 fyrir alls 52 m.kr. Þetta voru 5 karlar (18%), 18 konur (64%) og 5 fyrirtæki/stofnanir (18%). Upplýsingar um styrkþega, heiti verks og styrkupphæðir má sjá í listanum hér að neðan.

Nafn styrkþega	Heiti verks	Úthlutað kr.
Anna Margrét Ólafsdóttir	paxel123.com	1.540.000 kr
Arnar Þorsteinsson	Mín framtíð - vinnubók í náms- og starfsfræðslu,	2.000.000 kr
Ásthildur Bj. Snorradóttir,	Kennsla í færnimiðuðum hópum á yngsta stigi grunnskóla,	2.000.000 kr
Barnaheill - Save the Children á Íslandi,	Verkefnahefti Vináttu fyrir 3ja - 6 ára,	800.000 kr
Berglind Melax,	Námstækni. Handbók um árangursríkar aðferðir í námi.	2.000.000 kr
Bryndís Einarsdóttir,	Að eiga sér skoðun	2.000.000 kr
Bryndís Guðmundsdóttir	Íslenskt máhljóðamælirinn- síðari útgáfa	2.000.000 kr
Brynhildur Björnsdóttir	Kennsluvefur fyrir Adobe Indesign forritið	1.650.000 kr
Elín Guðmundsdóttir	Landupplýsingalæsi grunnskólanema	1.914.210 kr
Evolytes ehf.	Stafræni stærðfræðikennarinn	1.995.200 kr
Hanna Borg Jónsdóttir	Réttindasmiðja: Réttindafræðsla fyrir miðstig grunnskóla,	660.000 kr

Haukur Hilmarsson	Hönnun og smíði	2.000.000 kr
Heiðrún Hámundardóttir	Bílskúrin	1.500.000 kr
Hilmar Friðjónsson	Höggvum á hnútinn	1.500.000 kr
Hrönn Valentínusdóttir	Rjúpnahæðarleiðin með lýðræði að leiðarljósi fyrir skóla	2.000.000 kr
IÐNMENNT ses.	Neysluvatnskerfi - kennslubók í pípulögnum	2.000.000 kr
IÐNMENNT ses.,	Gæða-, viðhalds- og öryggisstjórnun	4.000.000 kr
Jenný Gunnbjörnsdóttir	Læsi fyrir lífið - vefur	2.000.000 kr
Jónína Ólafsdóttir Kárdal	Starfamessa - samstarf heimila og skóla	2.000.000 kr
Kjartan Heiðberg	UPP Á PUNKT	2.000.000 kr
María Jónsdóttir	Allt um ástina	1.100.000 kr
Rakel Edda Guðmundsdóttir	„Með öðrum orðum“ Útgáfa léttlestrarbókar og rafræns verkefnaheftis sem byggjast á skáldsögunni Akam, ég og Annika.	2.000.000 kr
Signý Óskarsdóttir,	Þróun STEAM námsefnis	2.000.000 kr
Sigrún Thorlacius	Snjallar leiðsagnir um Fjölskyldu- og húsdýragarðinn	1.940.000 kr
Skógræktarfélag Reykjavíkur	Skógarnytjar	1.995.000 kr
Sædís Dúadóttir Landmark	Orðaheimurinn: Málörvun fjöltýngdra leikskólabarna á Íslandi	2.000.000 kr
Tómas Eldjárn Vilhjálmsson	Kennsluefni í rötun	2.000.000 kr
Valdis ingibjörg jonsdottir	Orðaspark beint í mark	1.901.000 kr
		52.495.000

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís, en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraeði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Reykjavík 13. apríl 2023

Skúli Leifsson, Rannís